

Umhverfisstofnun
B.t. Huldu Soffiu Jónasdóttur
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík



Efni: Ásætuvarðir netapokar í kvíum Arctic Sea Farm

Ásætur á netum í kvíum eru vel þekktar í fiskeldi í sjó, að mestu eru þær gróður en aðrar lífverur setjast einnig á bæði gróður og netin og vaxa þar. Á sumarmánuðum aukast þessar ásætur til muna og geta orðið það miklar að möskvar netanna vaxa til. Við þetta eykst heildarþyngd kvíanna sem eykur álag á allan búnað, kvíin tekur á sig meiri sjó en jafnframt kemst minna af nýjum ferskum sjó inn í kvíina og súrefnisflæði skerðist þar af leiðindum líka. Við þessu hefur Arctic Sea Farm, eins og mörg eldisfyrirtæki, brugðist við með reglulegum nótaþvætti sem framkvæma þarf allt að vikulega yfir björtustu og heitustu mánuði ársins. Þvotturinn fer þannig fram að notað er vélmenni sem keyrt er upp og niður eftir netapokanum og losar ásætur af honum með háþrýsting. Við þessa framkvæmd verður einnig álag á netin sem slitna fljótar en ella og eykur því hættu á götum og með því hættunni á slyssleppingum. Einnig kemst augljóslega mikil hreyfing á sjóinn og verður mikið grugg þegar ásæturnar losna. Einnig hefur framkvæmdin áhrif á bæði laxa og hrognkelsi í kvíunum sem bæði stressast en hrognkelsin geta líka orðið vélinni að bráð þar sem þau eru í hvíld og eru svifasein. Slíkt grugg hefur einnig áhrif á sjón beggja tegunda fiska en hún er þeim mikilvæg til að sjá fæðu hvort sem það er fóður eða lýs (hrognkelsin éta lýs af laxinum sem þau sjá þegar lýsnar hreyfa sig).

Árið 2019 jókst dauði laxa í kvíum fyrirtækisins við staðsetningu þess að Gemlufalli í Dýrafirði. Við skoðun litu laxarnir heilt á litið ekki illa út ef frátalin voru tálkn sem voru undantekningarlaust sár og blóðhlaupin. Er hér líklega um að kenna þörungum sem hafa sært tálknin. Sýni tekin úr fiskum sýndu enga sjúkdóma eða sýkingar sem valdið hefðu getað þessum dauða.

Það er því ljóst að slíkur nótaþvottur hefur töluverð áhrifa á velferð fiska fyrir utan slit á búnaði.

Vegna þessa hefur Arctic Sea Farm ákveðið að reyna ásætuvarnir á netapokum í kvíum sínum árið 2020 á staðsetningar sem sett verður út í í Dýrafirði. Valin hefur verið meðferð frá fyrirtækinu NetKem AS í Noregi sem heitir Netwax E5 Greenline sem er sérstaklega þróað fyrir „græna framleiðslu“. Virka efnið er kopar(II)oxíð sem hefur bæði verið samþykkt af vottunarstofum í Evrópu sem og Ameríku til notkunar í lífrænni framleiðslu (ECOCERT og OMRI).

Meðfylgjandi þessu bréfi eru frekari upplýsingar um vöruna Netwax E5 Greenline þar sem farið er yfir niðurstöður rannsókna ásamt öryggisblaðið.